

Brúarásskóli


Sjálfsmatsskýrsla 2015-2016

Fjórða árið í röð voru kannanir gerðar í gegnum Skólapúlsinn sem leggur fyrir kannanir í fjölda skóla á Íslandi og því hægt að bera Brúarásskóla saman við aðra skóla í svipaðri stærð.

Nemendakannanir eru lagðar fyrir í október og apríl (6.-10. bekkur) Marktækur munur er gefin upp í könnunum og telst munur upp á 0,5 lítill munur, 1,0 er töluverður munur, 1,5 stig og meira telst mikill munur. Þetta ár var einnig lögð fyrir foreldarkönnun og starfsmannakönnun.


Nemendakönnun

Nemendakönnun Brúarásskóla kemur vel út eins og sést á yfirliti hennar. Allir nemendur 6. – 10. bekkjar tóku þátt. Einblínt var á virkni nemenda í skólanum, líðan þeirra og skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður beggja kannana sýna að hvað varðar *Virkni í skóla* eru nemendur á landsmeðaltali í flestum þáttum. Þessir þættir hafa þó aðeins dvínað og t.d. *Ánægja af lestri* og *Áhugi á stærðfræði* undir landsmeðaltali og er umhugsunarefni í ljósi þess að nemendum hefur farið fram í lestri vegna þess að þeir lesa daglega í skólanum.



Nemendur Brúarásskóla mælast talsvert jákvæðari en landsmeðaltal í öllum þáttum sem snúa að líðan og heilsu, nema þegar spurt er um mataræði, þar sem skólinn er -0,2 stigum undir, sem telst samt lítill munur og hefur minnkað. Þátturinn *Hreyfing* er mjög hár en þar er skólinn töluvert hátt yfir í samanburði við aðra skóla. Þessi þáttur hefur alltaf verið að styrkjast og hefur íþróttahúsið við skólann örugglega mikið um það að segja.

2.7. Hreyfing – Ársmeðaltöl



Í matsþættinum *Skóla- og bekkjarandi* eru Brúarássnemendur einnig yfir í flestum þáttum og þættirnir *Samsömun við nemendahóp* og *Samband við kennara* koma sérstaklega vel út.

Árangur nemenda í leik og starfi

Nemendur skólans tóku þátt í ýmsum verkefnum og keppnum skólaárið 2015-16. Almennt er mikil áhersla lögð á að hvetja ungdóminn í að taka þátt í því sem um er að vera og áhugi þeirra er mikill.

Nemendur 7. bekkjar tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni og sigurvegarinn var nemandi í skólanum.

Brúarásskóli átti lið í STÍL, keppni í fatahönnun á haustdögum á Egilsstöðum .

Lið Brúarásskóla tók þátt í Skólahreysti þriðja árið í röð og stóð sig frábærlega og unnu tvær einstaklingsgreinar.


Skólinn sendi eitt lið í First Lego tæknikeppnina í Háskólabíói í Reykjavík í nóvember, liðið stóðu sig mjög vel og var sigurstranglegt um tíma. Keppendur urðu samferða liði úr Egilsstaðaskóla og gekk það samstarf mjög vel.

Nemendur í 8.-10. bekk fóru í vikufærð Fuglafjarðar í Færeyjum að hitta vinabekk sinn. Heimsóknin tókst með eindæmum vel og er áhugi beggja skóla að halda samstarfinu áfram.

Foreldrakönnun


Foreldrakönnun vetrarins kom vel út. Í matsþættinum *Nám og kennsla* er mjög góð útkoma og allir þættir yfir meðaltali t.d. *Ánægja foreldra með nám og kennslu*.

1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum – Röðun*




Í matsþættinum um *Velferð nemenda* er sama staðan, allt yfir meðaltali og sérstaklega þátturinn sem mælir *Samskipti starfsfólks við nemendur*.

2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur – Röðun*




Í matsþættinum *Aðstaða og þjónusta* er áberandi ánægja foreldra með aðstöðuna. Þátturinn um *Hlutfall í tómstundapjónustu* er úr takti en þar er spurt um lengda viðveru og skólavistun sem á ekki við hjá okkur. Einnig er spurt um *Hlutfall nemenda með stuðning og sérkennslu*, þar eru tölur skakkar en það skapast trúlega að því að foreldrar eru ekki nógu vel upplýstir um þann auka stuðning og sérkennslu sem börn þeirra fá, enda er mikið flæði á sértækum stuðningi.


3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum – Röðun*



Í matsþættinum *Foreldrasamstarf* er mikil ánægja með *Frumkvæði kennara* en aðeins undir meðaltali *Ánægja með síðasta foreldraviðtal*.




Í matsþættinum *Heimastuðningur* er skólinn töluvert undir meðalagi í nokkrum þáttum. Hæfilegur tími fer í heimanám að mati foreldra, en foreldrar okkar virðast eyða mun minni tíma í aðstoð við heimanám heldur en gengur og gerist. Einnig kemur matsþátturinn *Væntingar til náms* undir meðaltali þó að sá þáttur hafi hækkað síðustu ár.



Starfsmannakönnun


Í matsþættinum *Rekstrarupplýsingar* kemur fátt á óvart, lítið um sérkennslu meira um stuðning og hlutfallslega fleiri börn með íslensku sem annað tungumál.

1.9. Hlutfall barna í skólanum sem eru með íslensku sem annað mál – Röðun




Í matsþættinum *Allir starfsmenn almennt*, eru flestir þættir jákvæðir þó kemur fram svörun um einelti frá foreldrum eða nemendum til stafsmanna. Þetta er þáttur sem fylgjast þarf vel með. Viðhorf allra starfsmanna til skólans er áberandi gott.

3.2. Starfsandi innan skólans – Röðun*



Í matsþættinum *Kennarastarfið* koma fram nokkrir þættir sem skera sig jákvætt úr en *Ánægja og trú á eigin getu* fer undir meðaltal en þess ber að geta að þar er einn kennari sem svarar neikvætt. Áhersla kennara á heimnám er undir meðaltali.

4.4. Tími í heimavinnu á viku – Ársmeðaltöl



Í matsþættinum *Starfsumhverfi kennara* eru allir þættir áberandi góðir fyrir utan *Stuðning við nemendur með náms- og hegðunarörðugleika* þar er skólinn undir meðaltali þetta árið.

Í matsþættinum *Mat og endurgjöf* er mikil ánægja og í matsþættinum *Símenntun* virðast kennarar eyða minni tíma í símenntun og þörfin eftir því.

Úrbótaáætlun 2015-2016

Það sem þarf að vinna í næst er að reyna ná betri árangri í mæliþættinum *Mataræði*. Skólinn er þátttakandi í heilsuefandi skóla og tilvalið að fara að vinna með mataræðisþáttinn þar. Einnig að gera átak í skemmtilegri stærðfræði til að vekja áhuga og jafnhliða vinna í verkefninu „Bættur námsárangur á Austurlandi“. Unnið verður sérstaklega með samskipti stelpna með skipulögðum

fundum. *Endurgjöf skólastjóra, Heimastuðningur og Virkni foreldra* eru þættir sem mældir verða næsta vetur. En með breyttu kennslufyrirkomulagi gefst foreldrum betri kostur á að fylgjast með námi barna sinna og vonandi bætir það virkni og heimastuðninginn.

Úrbótaáætlun 2016-2017

Áhersla verður á að auka ánægju nemenda í stærðfræði það er m.a. gert með sérstakri áherslu á endurmenntun kennara. Áfram unnið með að virkja nemendur í námi, í gegnum þróunarverkefni skólans. Umsjónarkennarar upplýsi alla foreldra um sértækan stuðning sem börn þeirra fá. Rætt verður sérstaklega um eineltisþáttinn í starfsmannaviðtölum ársins.

Endurmat á síðustu úrbótaáætlun leiddi í ljós að unnið var með samskipti stelpna með skipulögðum hætti síðasta vetur. Byrjað var að vinna með stærðfræðina en sá þáttur kemur sterkari inn í þessa áætlun og einnig voru teknar nokkur skref varðandi mataræðið s.s. að foreldrar voru upplýstir sérstaklega og umræður með nemendum og þessi þáttur mældist hærri en skólaárið 2014-2015.